

Leiklistarkennsla er mikils virði

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð frumsýnir „Hólpín“ eftir Edward Bond

Leikfélag Menntaskólans við Hamrahlíð frumsýnir í kvöld leikritið „Hólpín“ eftir enska leikritaskáldið Edward Bond. Þýðinguna gerði Úlfur Hjörvar og leikstjóri er Ingunn Ásdísardóttir.

Leikritið hefur verið talsvert umdeilt og var á sínum tíma bannað í Englandi. Það var aðeins sýnt í lokuðum klúbbum eftir upphaflega frumsýningu þess í London 1965. Verkið dregur upp dökka mynd af nútíma þjóðfélagi og þeirri firringu og örvæntingu sem iðnaðarsamfélag hefur skapað meðal fólks. Leikritið var flutt af Leikfélagi Reykjavíkur árið 1971 undir nafninu „Hjálpi“.

Gunnar Hansson, sem fer með eitt aðalhlutverkið í Hólpín, er jafnframt formaður Listafélags Menntaskólans við Hamrahlíð. Aðspurður hvers vegna þetta verk hafi verið valið til sýninga, sagði hann:


„Okkur finnst það höfða til þess ákveðna hóps sem við höfum, fólks á okkar aldri. Fyrir utan það á þetta verk erindi til nútímasamfélags. Í því er meðal annars komið inn á ofbeldi, sem er mjög stór þáttur í lífi okkar í dag. Það má líka segja að komið sé inn á hversu stóran þátt sjónvarpið á í samskiptum fólks, til dæmis innan fjölkskyldunnar. Í leikritinu er það sjónvarpið sem sameinar fjölkskylduna.“

Nú ert þú formaður Listafélagsins. Er það rétta nafnið á leikfélaginu.

„Nei, Listafélagið er stjórn sem nær yfir myndlistar-, tónlistar- og leikfélag skólans. Við reynum að hafa tónleika sem oftast og í vetur hefur verið sett upp ein myndlistarsýning. Við stöðum að Smitherens-tónleikumum um daginn, ásamt Gramminu. Það er með því stærsta sem við höfum gert hingað til.“

Er leiklist að einhverju leiti á námsskrá hjá ykkur?

„Já, það er boðið upp á þrjá áfanga í vali. Í þeirri kennslu er mest farið í spuna og leikræna tjáningu. Það er ekki fyrr en á þriðja námskeiðinu sem byrjað er að fara aðeins í texta. Það sem vantar í



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Frá æfingu á „Hólpín“ hjá Menntaskólanum í Hamrahlíð. Gunnar Hansson (situr við borð), formaður Listafélagsins, fer með aðalhlutverkið í sýningunni.


leiklistarkennsluna hér er framhaldsáfangi sem felur í sér uppsetningu upp leikriti. Við höfum reynt að fá það í gegn, en það hefur ekki tekist.“

En hvers virði er leiklist í menntaskóla?

„Hún er ákaflega mikils virði. Fyrst og fremst er þetta mjög gefandi fyrir þá sem taka þátt í uppfærslunni. Maður lærir og þroskast mikið af þessari vinnu. Auðvitað er þetta sérstaklega gam-

an þegar maður hefur leikrit sem manni finnst hafa einhvern tilgang. Þá þroskar þessi vinna mann tilfinningalega og fær mann til að hugsa um stöðu sína og sjálfan sig.“ sagði Gunnar að lokum.

Eins og áður segir er það Ingunn Ásdísardóttir sem leikstýrir „Hólpín“, lýsingu annast Vilhjálmur Hjálmarsson. Leikmynd og búninga hannaði Hlín Gunnarsdóttir, en leikhljóð eru í höndum Hilmar Arnar Hilmarssonar og Orra Jónssonar.



Morgunblaðið/Jóhanna

Ásgerður Búadóttir við verk sín í Listasafni Alþýðusambands Íslands.

Ásgerður Búadóttir sýnir í Listasafni ASÍ

Í dag opnar Ásgerður Búadóttir einkasýningu í Listasafni ASÍ. Á sýningunni eru 10 verk sem hún hefur ofið á síðustu tveimur árum og hefur aðeins eitt þeirra verið sýnt hér á landi áður. Síðasta einkasýning Ásgerðar var á Kjarvalsstöðum haustið 1984, en 1981 hélt Listasafn ASÍ yfirlitssýningu á verkum hennar frá upphafi og gaf nokkru síðar út litkyggnubók með 36 myndum úr því yfirliti.

Af ferli Ásgerðar á síðustu árum er helst að nefna, að hún var valin á sýninguna Nutida Nordisk Konst í Hótelby, Stokkhólm, 1982 og á sama ári valdi dómnafnd Dagblaðsins og Vísis hana „myndlistarmann ársins.“ Á árunum 1982–84 voru verk hennar á tveimur sýningum Scandinavia Today, Scandinavian Modern Design og The Scandinavian Touch, sem var farandsýning um finn stórborgir Bandaríkjanna.

Árið 1983–84 var hún valin ein þriggja listamanna héðan á farandsýninguna borealis á vegum

Norrænu listamiðstöðvarinnar í Sveaborg, og sama ár naut hún starfslauna Reykjavíkurborgar til listamanns. Árið 1984 var haldin sýning á verkum hennar í Nikolaj í boði Kaupmannahafnarborgar, og nú hefur hún verið valin einn þeirra íslensku listamanna sem taka munu þátt í norrænni list- og menningarkynningu í Japan í lok þessa árs.

„Þetta er rétti tíminn fyrir mig til að sýna verk frá þessu tveggja ára tímabili,“ sagði Ásgerður í samtali við Morgunblaðið, „vegna þess að ég hef verið valin í hóp sex listamanna til að fara með verk á sýningu í Japan í haust. Sú sýning er af svipuðum toga og Scandinavia Today. Þegar þessari sýningu lýkur þarf ég að senda nokkur af þessum verkum af stað og svo sé ég þau kannski ekki meir. Sú vefnaðartegund sem ég hef verið með í ákveðinn tíma er kölluð „tenning.“ Þessi tegund var notuð hér áður fyrr, í brekkan til dæmis. En ég breyti henni þó, hugsa þetta allt upp á nýtt.“

Norræna húsið:

Blokkflaututónleikar í dag

Blokkflautukvartettinn UT RE MI heldur tónleika í Norræna húsinu kl. 15 í dag. Kvartettinn leikur bæði barok og renaissance tónlist.

UT RE MI kvartettinn er skipaður fjórum þýskum konum, Ulrike Volkhardt, Siri Rovatkay-Sohns, Eva Praetorius og Birgitte Braun. Þær stofnuðu kvartettinn fyrir 2

árum og hafa spilað víða, m.a. farið í tónleikaferð til Ástralíu. Eins og kom fram í Morgunblaðinu fyrir skömmu kom kvartettinn hingað til lands til að sækja 10 renaissance blokkflautur sem smíðaðar voru hér á landi af hljóðfærasmíðnum Adrian Brown. Þetta eru einu tónleikarnir sem UT RE MI heldur hér á landi að þessu sinni.

Myndlistarmenn framtíðarinnar

IBM á Íslandi stendur fyrir myndlistarsýningu á Kjarvalsstöðum


„Myndlistarmenn framtíðarinnar“ er heiti á myndlistarsýningu sem IBM á Íslandi stendur fyrir. Sýningin opnar í dag og eru allir myndlistarmennirnir, sem þar sýna, 35 ára og yngri.

Hugmyndin að sýningunni vaknaði í tengslum við 20 ára afmæli IBM á Íslandi sem er á þessu ári. Forráðamenn fyrirtækisins vildu með einhverjum hætti leggja áherslu á unga fólkið, framtíðina, og ýta undir áhuga á hugverki og menningu. IBM mótið í skák, sem nú stendur yfir í Reykjavík er haldið í þessum anda og myndlistarsýningin er seinni atburðurinn sem fyrirtækið

gengst fyrir á þessum tímamótum.

Sérstök sýningarnefnd hefur valið þau verk sem sýnd eru. Hana skipa Gunnar M. Hansson, forstjóri, sem er formaður nefndarinnar, Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri, Daði Guðbjörnsson, myndlistarmaður, Einar Hákonarson, listráðunautur og Halldór B. Runólfsson, listfræðingur.

Auglýst var eftir þátttöku í sýningunni og bárust alls um 300 verk frá 70–80 listamönnum. Nefndin hefur valið eitt verðlaunaverk og fær höfundur þess 100.000 krónur í verðlaun.



Sýningarnefnd IBM á Íslandi, Friðrik Friðriksson, framkvæmdastjóri, Einar Hákonarson, listráðunautur, Gunnar M. Hansson, forstjóri, Daði Guðbjörnsson, myndlistarmaður, Úlfar Þormóðsson, sem er ráðgjafi nefndarinnar í sölu verkanna, og Halldór B. Runólfsson, listfræðingur